

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 66/1985. **Ágúst Ágústsson**
Jón Bjarnar Sigvaldason
Sigtryggur Þrastarson og
Þorbjörn Datzko
 gegn
Rafni h/f

Kærumál. Samaðild. Frávísunardómur ómerktur og heimvísað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp hinn kærða frávísunardóm.

Kærendur hafa skv. heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. mars 1985. Gera þeir þær dómkröfur, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast kærendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðilja, Rafns h/f.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hinn kærði dómur verði staðfestur og kærendum gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Staðfest er af héraðsdómara, að kærendur hafi fengið vitneskju um hinn kærða dóm 26. febrúar sl.

Kærendur hafa réttarhagsmuni af því af fá efnisúrlausn um kröfu þá, er þeir gera til björgunarlauna.

Í siglingalögunum nr. 66/1963 er eigi að finna lagafyrirmæli, er bjóði, að útgerðarmaður og skipshöfn skuli eiga óskipta sakaraðild í málum til heimtu björgunarlauna. Slík regla verður heldur eigi leidd af 46. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda verður ekki talið með skírskotun til ákvæða 203. gr. siglinga-laganna, að hér sé um óskipt réttindi útgerðarmanns og skipshafnar í skilningi nefndrar 46. gr. að tefla.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þurfa kærendur eigi að sæta því að málsókn þeirra sé vísað frá dómi, þó að útgerðarmaður m/b Reynis, GK 177, hafi ekki tekið þátt í henni.

Ber því að ómerkja hinn kærða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er ómerktur, og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu dóms að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 19. febrúar 1985.

Mál þetta, sem var tekið til dóms eða úrskurðar hinn 28. janúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 3. nóvember 1984.

Stefnendur eru sjómennirnir Ágúst Ágústsson, nnr. 0120-0674, Faxabraut 25 E, Keflavík, Jón Bjarnar Sigvaldason, nnr. 5185-9065, Hátúni 18, Keflavík, Sigtryggur Þrastarson, nnr. 7750-5016, Helgafellsbraut 31, Vestmannaeyjum, og Þorbjörn Datzko, nnr. 9466-2478, Hátúni 12, Keflavík.

Stefndi er Rafn hf., nnr. 7126-6095, Sandgerði.

Stefnukröfur eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2.000.000,00 auk 25% ársvaxta frá 5.1. 1984 til 21.1. s.á., en 19% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að ákveðið verði, að vextina megi leggja við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti, fyrst 5. janúar 1985, og reikna síðan vexti á þannig upphækkaðan höfuðstól. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þess er einnig krafist, að dæmdur málskostnaður beri „hæstu dráttarvexti frá dómsuppsögn til greiðsludags, nú 19% ársvexti.“ Þá er þess krafist, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Víði II. GK 275, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda eru þessar: Í fyrsta lagi er krafist frávísunar frá héraðsdómi, í öðru lagi sýknu og í þriðja lagi, að stefnukrafa verði stórlega lækkuð. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Stefnendur hafa krafist þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 29. janúar sl., og var málið að honum loknum tekið til dóms eða úrskurðar.

II.

Málavextir eru í aðalatriðum þessir:

Hinn 5. janúar 1984 gekk ofsaveður yfir suðvesturhorn landsins. Vindátt

var suð-vestlæg og stórsjór. Meðal margra skipa í Sandgerðishöfn voru m/b Sjávarborg GK 60, m/b Víðir II. GK 275 og m/b Reynir GK 177. Skipin voru bundin við bryggju, sem gengur fram úr hafnargarði, sem liggur sem næst í vestur í miðri Sandgerðishöfn. Sjávarborg GK var fremst við bryggjuna, en Víðir II. GK með Reyni GK utan á, innan við hana, þ.e. nær landi. Skipin sneru stefni að landi. Í óveðrinu slitnaði Víðir II. GK frá bryggjunni og rak ásamt Reyni GK að stórgrýttum varnargarði. Reynir GK lenti í grjótinu, en Víðir II. GK varð utar. Skipin voru bundin saman. Síðan losnaði Sjávarborgin einnig og rak að hinum skipunum. Hún lagðist með stefnið aftarlega á bakborðssiðu Víðis II. Víðir II. var vélarvana vegna breytinga og viðgerða, og aðalvél Sjávarborgar GK var óvirk vegna bilunar. Reynir GK er 104 brúttósmálestir að stærð, Víðir II. GK 126 brúttósmálestir og Sjávarborg GK 452 brúttósmálestir. Skipin snéru öll stefni í norður við varnargarðinn. Stefnendur voru ræstir út kl. um 6 að morgni umrædds dags. Þeim tókst að komast að Reyni GK, sættu lagi og stukku um borð beint af sjávargarðinum. Þeir gangsettu vél skipsins og tókst um síðir að koma Reyni GK og Víði II. GK að bryggju. Reynir GK hafði lamist allnokkuð utan í grjótgarðinn, og munu bæði skipin hafa skemmst mikið.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að þeir hafi bjargað Víði II., GK 275, í skilningi 199. gr. siglingalaga nr. 66, 1963, en vísa þeim til stuðnings einnig til 200. gr. og 3. tl. 216. gr. sömu laga.

Meðal atriða, sem stefnendur leggja til grundvallar björgunarlaunakröfu, er að vátryggingarverð Víðis II. GK 275 hafi verið kr. 7.500.000,00 hinn 5. janúar 1984. Skipið hafi verið endurbætt mjög mikið og hafi því verki einmitt verið að ljúka þennan dag. Verðmætisaukning skipsins við endurbæturnar hafi reynst vera kr. 13.000.000,00 og verði því að telja, að verðmæti hins bjargaða skips hafi verið kr. 20.500.000,00 umræddan dag. Reiknað er með, að björgunarlaun séu 20% af nefndri fjárhæð og að af þeim komi $\frac{1}{3}$ í hlut stefnenda. Í þessu efni geta stefnendur þess einnig, að þeir hafi tekið mikla áhættu með því að hafa Víði II. GK ávallt bundinn við Reyni GK. Með því móti hafi orðið miklu erfiðara að halda Reyni GK frá grjótgarðinum og það skip hafi líklega skemmst miklu meira en ella. Kunni stefnendur að verða skaðabótaskyldir vegna þessa gagnvart útgerð Reynis GK.

Þá er þess getið af hálfu stefnenda, að þeir hafi verið skipverjar á Reyni GK, en verið afskráðir í desember 1983 og ekki verið í föstu starfi hjá útgerð skipsins, þegar atvik varð. Samkvæmt vottorði lögskráningarstjóra voru stefnendur afskráðir af m/b Reyni, GK 177 hinn 20. desember 1983 og lögskráðir að nýju hinn 16. janúar 1984.

Eigandi—útgerðarmaður—m/b Reynis, GK 177, er Sandnes sf. Ekki

verður séð, að fyrirsvarsmönnum þess félags hafi veri gefinn kostur á að láta málsókn þessa til sín taka.

III.

Stefndi reisir kröfu sína um frávísun á því, að verði fallist á þá skoðun stefnenda, að um björgun sé að ræða í skilningi siglingalaganna, eigi útgerð og eigendur m/b Reynis, GK 177, verulegra hagsmuna að gæta, reyndar mun meiri en stefnendur, og þar sem þeir séu ekki aðiljar að málinu beri að vísa því frá dómi, sbr. 203. gr., 2. mgr., siglingalaga nr. 66, 1983 (sic) og 46. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Stefnendur reisa andmæli sín gegn frávísunarkröfu stefnda á því, að það fari eftir efnisatriðum, hvort samaðild sé. Björgunarlaunakrafa sé skiptanleg og geri stefnendur aðeins kröfu til þess hluta björgunarlauna, sem þeir telji eiga að koma í þeirra hlut.

Í 203. gr. siglingalaga nr. 66, 1963 er kveðið á um, að bjargi skip einhverju á ferð, skuli af björgunarlaunum fyrst bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi. Síðan er í aðalatriðum kveðið á um, að næst skuli útgerðarmenn fá tvo þriðju hluta björgunarlauna en skipshöfn afganginn. Stefnendur teljast í skilningi nefndrar lagagreinar hafa verið skipshöfn m/b Reynis, GK 177. Samkvæmt 199. gr. siglingalaga getur skipshöfn átt aðild að málsókn til heimtu björgunarlauna, sbr. einnig m.a. Hæstaréttardóm 1972, bls. 584.

Ákvæði 203. gr. siglingalaga hvíla á þeirri forsendu, að vegna björgunar sé ákveðin ein fjárhæð björgunarlauna, sem björgunarmenn skipti síðan sín á milli eða að skipt verði með dómi. Ákvæði 200. gr. siglingalaga um ákvörðun björgunarlauna, einkum 1. mgr. 1. tl. d) og f), stuðla einnig að þeirri niðurstöðu, að skipshöfn eða einstakir skipverjar eigi ekki sjálfstæðan rétt til sóknar máls til heimtu björgunarlauna, heldur aðeins í félagi við útgerðarmann. Nauðsynlegt var, að útgerðarmaður m/b Reynis, GK 177, væri aðili að máli þessu.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða máls þessa sú, að stefnendur og útgerðarmaður m/b Reynis, GK 177, eigi samaðild að höfðun máls þessa. Þar sem útgerðarmaðurinn tekur ekki þátt í málshöfðuninni, ber samkvæmt 46. gr. laga nr. 85, 1936 að vísa málinu frá dómi. Dæma ber stefnendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað, kr. 12.500,00.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Ágúst Ágústsson, Jón Bjarnar Sigvaldason, Sigtryggur Þrastarson og Þorbjörn Datzko, greiði óskipt stefnda, Rafni hf., kr. 12.500,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 51/1985. **Dómsmálaráðherra**

gegn

héraðsdómurinum Valtý Sigurðssyni

Garðari Gíslasyni og

Má Péturssyni.

Kærumál. Þóknun meðdómsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Dómsmálaráðherra hefur með heimild í 8. málsgrein 37. A. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981, kært til Hæstaréttar ákvörðun Valtýs Sigurðssonar héraðsdómara í Gullbringusýslu um þóknun meðdómsmannanna Garðars Gíslasonar borgardómara og Más Péturssonar héraðsdómara í aukadómþingsmálinu nr. 277/1983. Stefnendur máls þessa eru Sigurður Eiríksson o.fl. eigendur tiltekinna jarða, en stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Krafa stefnenda var sú, að viðurkennt yrði með dómi, að „yfirlýst eignarnám utanríkisráðherra á beitarréttindum ofangreindra jarða á Miðnesheiði hinn 13. desember 1982 sé ólögmætt og skuli því eigi fram fara“. Dómur gekk í málinu 27. janúar 1985. Með ákvörðun, sem skráð var á þar til gert eyðublað 11. febrúar 1985, mælti Valtýr Sigurðsson svo fyrir, að þóknun meðdómsmannna skyldi vera 27.000,00 krónur til hvors. Ritaði hann dómsmálaráðuneytinu daginn eftir um þetta atriði, og barst bréfið ráðuneytinu 14. febrúar. Hinn 27. febrúar kærði ráðuneytið ákvörðunina og krafðist þess aðallega, að hún yrði felld úr gildi, en til vara, að þóknun yrði lækkuð.